

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað 1949.

Skógurinn. Eins og undanfarið var sala skógarafurða mjög lítil. Sömu orsakir voru þess valdandi og áður, dýrtíðin og kaupgeta almennings, svo að bændur telja hagkvæmara að kaupa kol en skógvið, jafnvel þeir er skammt eiga að sækja viðinn. Útlendir girðingastaurar voru á boðstólum, en yfirleitt gerðu bændur lítið af því að setja upp girðingar, enda var vír eða vírnet ófáanlegt hér um slóðir.

Seldir voru alls 680 girðingarstaurar og 1500 kg af smíðavið. Af eldivið var selt aðeins 14.1 tonn.

Í skýrslunni um skógarhögg og viðarsölu er nánari grein gerð fyrir framangreindum atriðum.

Skógarmaðurinn gerði lítið vart við sig, en þó dálítið.

Laufgun skógarins telst vera 23/6

Lauffall var 10-15 október. Hvortveggja seinna en venjulega. Skemmdir urðu talsverðar á yngri barrviðartegundum, einkum furutegundum. Mestar urðu skemmdir á skógarfuru, ennfremur nokkrar á *Pinus flexiles* og fjalla-furu. Á grenitegundum urðu litlar skemmdir, mest á Douglasgreni. Hvítgreni óskemmt eftir veturinn., sama er að segja um lerkí, sem bláfuru og sitkagreni og blágreni. Hinar smáu rauðgreniplöntur frá N-Noregi, er gróðursettavoru í fyrria komust óskemmdar af veturinu og vorid.

Frævöxtur. Sama og ekkert fræ var á skóginum. Er um margra ára hallar að ræða. Virðist skógurinn enn ekki hafa náð sér eftir maðkinn.

Á lerkinu frá 1922 var talsvert af könglum, svo og dálítið á Arkangelsklerkinni við Jökullæk og eins í Hólabörðunum á lóð Húsmæðraskólans, en þar eru nokkur tré, gróðursett 1938, sama árið og þau við Jökullæk. Frækönglunum var safnað seinni hluta nóvember mánaðar og sendin skógræktarstjóra.

Rauðgrenið við Jökullæk var nokkra köngla, var þeim safnað og unnið úr þeim fræið hér og geymt til sáningar í vor kemur.

Ekki var um fræ að ræða á fleiri tegundum barrtrjáa, en nú er getið.

Reyniðarfræi var safnað í garði á Hrafnkellsstöðum af trjám, upprunnum úr Ranaskógi. Þengust um ca. 10 kg. og verður berjunum sáð í vor kemur.

Vöxtur á barrtrjám í skóginum:

Eftirfarandi er greinargerð yfir mælingar á ársvexti barrtrjázegunda, og hæð stærstu einstaklinga.

Mörkin:

Blágreni (picea fungens) gróðursett 1937, 13 ára.

Hæstu einstaklingar 1.55 m. 1.45-1.40-1.32. Ársvöxtur í cm. 13-12-12-0-12-7,10-9-13-11-7-8-9-14-10-8-7-10-23-4-14-8-15-10-8-17-11-9-9-12-10-15-12-12-8-15-6-19-16-3-15-13-12.

Fjallagreni (abies lasis Corpa) Hæsta tré: 1.45-1.45-1.40-1.37-1.30. Ársvöxtur mældur ó einni röð í cm. 9-10-17-7-7-12-11-21-21-3-12-5-22-13-6-10-11. Gróðursett 1937, 13 ára.

Rauðgreni. Aldur ca, 40 ár. Ársvöxtur ca. 15-35 cm.

Bláfura. (pínus aristata). Aldur ca. 35 ár. Ársvöxtur 10-20 cm.

Blágrenið stóra. Aldur 45 ár. Hæð 10½ meter. Ársvöxtur 35-40 cm.

Lerki. Aldur 12 ár. Hæsta tré 4½-5 m. Ársvöxtur 20-30-50-53-45 cm.

Í Atlavík.

Lerki. (larix siberica). Gróðursett 1938, 12 ára. Hæsta tré ca. 5 m. Ársvöxtur 54-60-70-65-67-62-60-60-55-58 cm.

Lerki 28 ára, gróðursett 1922. Hæstu tré ca. 8½ m. Ársvöxtur 25-40 cm.

Skógarfura (pínus silvestris) frá Snaasa Inntröndelag. Gróðursett 1942, 8 ára. Hæstu tré 1.27-1.24-1.33-1.29-1.21 m. Ársvöxtur mældur í einni röð: 6-7-6-17-14-8-14-14-7-12-12-10-10-13-10-

Pínus contorta. frá Ameríku. Gróðursett 1940, 10 ára. Hæstu tré 1.50-1.45-1.40-1.20-1.15. Ársvöxtur mældur í einni röð: 10-11-15-7-8-13-10-19-18-17-7-16-23- 18 cm.

Douglasgreni: Gróðursett 1941, 9 ára. Hæstu tré: 1.13-1.09-0.97 metrar. ársvöxtur mældur í einni röð. 12-11-6-10-8-7-11-6-10-13-8- cm.

Hvítgreni (písea alba). Gróðursett 1941, 9 ára. Hæstu tré 1.33-1.25-1.27-1.15 metrar. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 9-7-9-10-6-7-9-18-17-15-13-6-15-9-4-14-8-cm.

Vin Jökullæk:

Lerki (larix siberica) frá Arkangelsk. Gróðursett 1937-'39. Hæsta tré 5-6 metrar. Ársvöxtur mældur á 20 trjám. 69- 65-52-51-55-56-66-65-70-70-74-68-61-58-56-60-56-59-57-60 cm. Þetta voru lengstu árssprotar. Þeir stytztu voru um 20 cm, svo að ársvöxtur leikur á 20-70 cm.

Girðingar: Sökum þess að snjóalög voru lítil s.l. vetur urðu litlar skemmdir á girðingunni. Bætt var allmörgum staurum í skógargirðinguna, og var það aðallagfæringin, en með þurfti. Það kom sér vel, að lagfæringar á girðingunni tóku ekki mikinn vinnu-afla frá öðrum störfum, svo sem græpireitnum, þar þurfti allra, vinnu með, er fáanleg var að vorönu.

Girðingarefni var að mestu ófáanlegt hér austanlands í sumar, nema tréstaumar. Gaddavír og vírnet fluttist af mjög skornum skammti.

Vedurfar og vedurathuganir: Eins og meðfylgjandi vedurskýrsla ber með sér, var veturinn frá nýári kaldur, einkum janúar og apríl. Maímánuður var þó tiltölulega lang kaldastur, með aðeins 1.4° meðalhita, eða 5-6° kaldari en oft er hér, þegar vel vorar. Þessir óvenjulegu vorkuldar héldust fram til 9. júní. Um miðjan júní skifti um til hins betra, og 19-25 júní er meðalhitinn 20° og þar yfir. Júlí var mjög hlýr, en þurrviðrasamur. Ágúst var svalari, en september með hlýrra móti. Okt- des. munu hafa verið um meðal-lag. Mánaðarlegur meðalhiti og úrkoma var þessi:

Mánuður.	Hiti.	Úrkoma.
Janúar	+ 3.9	41.2 m.m.
Febrúar	+ 0.6	162.7 - -
Marz	+ 1.3	13.8 - -
Apríl	+ 2.4	17.0 - -
Mai	1.4	41.9 - -
Júní	9.8	44.1 - -
Júlí	12.1	17.7 - -
Ágúst	9.4	33.7 - -
September	8.7	49.8 - -
október	2.7	67.0 - -
Nóvember	1.6	136.5 - -
Desember	+ 2.8	87.2 - -

Meðalhiti ársins 2.9° C. Meðalhiti júní- sept. 10.0° C.
 Úrkoma ársins var 712 m.m.

Mestur hiti mældist 7. júlí 28.5° C.

Minnstur hiti 21. des. 18.3° C.

Dagar með 20° hita og þar yfir voru 22 alls: í júní 10, í júlí 10, og í ágúst 2 dagar.

Óhætt mun að segja, að sumarhitinn hafi verið ofan við meðallag. Úrkoma var einnig meiri en í miðallagi, miðað við 12 undanfarin ár.

Vorkuldarnir höfðu örlagaríkar afleiðingar fyrir trjágróburinn svo sem síðar segir.

Lagarfljót var allengi undir ís. En ekki var ísinn traustur hér undan Hallormsstað nema stuttan tíma. Gagnstætt því er títt vatn áður, er þessi samgángubót vitið notuð. Veldur þar um hestafærð hjá bændum og bifreiðarnar, sem notaðar eru jafnt sumar og vetur, þegar vegir eru færir.

Græðireiturinn: Samkvæmt skýrslu, er fylgir, var sáð þessum tegundum og magni:

Birkifræi úr fræum (Bæjarstaðarsk)	14.750 kg.
Skógarfuru frá N.Noregi. (Innhafet)	1.720 -
Rauðgreni frá Noregi. (Salör, Tryssel)	8.000 -
Sitkagreni, Alaska.	3.100 -
Lerki frá Írkutsk í Síberíu.	2.400 -
do frá Arkangelsi í Rússlandi	0.950 -
Þínus aristata frá Hallormsstað	örlítið.

Sáðbeð eru að flatarmáli sem hér segir:

Birkibeð 220 m². Furubeð 85 m². Grenibeð 75 m². Lerkibeð 125 m².

Dreifplantab var þessum plöntufjölda:

Björk	69.000 stk	2/o
Reynir	10.000 -	1/o og 2/o
Ribs	600 -	1 árs stöklingar.
Lerki (larix sibirica)	65.000 -	frá Hakaskója Sibirica 2/o 1200
Sitkagreni	51.000 -	Alaska 3/o
Rauðgreni	9.000 -	Norður Noregi 2/o
Blágreni	150 -	Hallormsstað 1/o

Alls: 203.750 plöntur.

Plöntusalan var sem hér segir, samkv. meðfylgjandi skýrslu:

1. Sent Skógrækt ríkisins Rvík.	Björk	25.200	aldur	2/2
- - - - -	Reynir	6.500	--	1/2
- - - - -	Ribs	1.680	--	3 ár.
- - - - -	Þíngv.	6.000	--	1 árs stikla
- - - - -	Sitkagr.	9.800		3/4 tvisv
				umpl.
		<hr/> 49.180 stk. <hr/>		
2. Selt á Hallormsstab	Björk	3.456	aldur	2/2
- - - - -	Reynir	649	--	1/2
- - - - -	Ribs og Heggur	167	--	3 ár
- - - - -	Þíngv.	162	--	1 árs still
- - - - -	Gulv.	480	- - - - -	- - - - -
- - - - -	Sitkagr.	445	--	3/4
- - - - -	Skógarf.	512		frá Noreni.
		<hr/> 55.042 Plöntur. <hr/>		

Plantað í skóginum: Sitkagreni 500 stk. Um sáningu, dreifplöntun og sölu plantna skal þetta tekið fram:

Hið óvenjulega tíðarfar að vorinu olli því, að sáning, dreifplöntun og afgreiðsla söluplantna gat ekki byrjað fyrr en seint í maí og fyrst í júní. Dreifplöntun var ekki lokið fyrr en í byrjun ágúst.

Vöxturinn í græðireitnum: Eins og vænta mátti eftir hinn stutta vaxtartíma, enda þótt sumarið væri hlýtt, varð hann fremur lítil í dreifplöntunarbedunum, og plöntur, sem seldar verða í vor komandi, verða ekki eins stórar og ella hefði mátt, ef vorid hefði verið í meðallagi.

Í sáðbeðum urðu plönturnar í meðallagi á stærð, einkum plöntur undir gleri. Fræið spíraði yfirleitt vel, nema lerkifræ frá Irkutsk, sem kom strjált upp.

Stækkun græðireitsins: Eins og skýrsla 1948 greinir frá, voru undirbúnir þá 25000 m². og í ár var þetta svæði tekið til notkunar. Þá voru nú í sumar undirbúnir 1300 m². til að taka í notkun á vori komanda. Spilda þessi er neðan við neðra svæðið, utan við skurðinn, og var hún rudd og plögð með dráttarvél. Einnig voru þar gfafnir holræsi, því þar var mýrlendur jarðvegur.

Skemmdir í græðireitnum: Afleiðingar hins kalda vors komu í ljós, er plöntur tóku að lifna. Eindum reyndust reyniplöntur mjög skemmdar og varð að flegja allmörgum, sem reyndust með öllu ó söluhæfar. Á birkiplöntum bar á kali, en þó ekki í stótum stíl. Þó varð að kasta úr þeim allmörgum stórskemmdum plöntum. Á sitkagreni-plöntum 7 ára bar þó ekkert á skemmdum. Sama er að segja um sáðbeð af sömu tegund. Fór þeim vel fram í sumar, þegar er hlýnaði í veðri. Skemmdir urðu á skógarfuru í sáðbeðum og eins í dreifplöntunar-beðum. Reynir kól og, bæði í sáð- og dreifplöntunar-beðum.

Söluhæfar plöntur næsta vor:

Ejörk	20.000 stk.	Þíngvíðir	3.000 stk.
Reynir	15.000 -	Sitkagreni	4.000 -
Ribs	500 -	Skógarfura	10.000 -
		Alls:	52.500 plöntur.

Byggingar: Miðstöðvarupphitun var sett í íbúðarhúsið.

Íleggjari er í kjallara. Ofnar eru alls 12. Af þeim eru 4 svonefndir helluofnar, hinir eru erlendir pott- eða steypujárnsfagnar. Kostnaður við miðstöðina varð um 14 þús. kr. Sett var gler innan á glugga í timburhúsinu. Þessar umbætur á íbúðarhúsinu reyndurst hafa þau áhrif, að húsið er nú samilega hlýtt. Þótt enn sé ekki komin full reynsla á þetta, bendir, það sem af er vetrinum, til þess að verðandi úrbót sé fengin. En áður var erfitt að hita upp gamla timburhúsið.

Ferðalög: Fór í byrjun ágúst til Fáskrúbsfjarðar í fylgd með skógræktarsjórá. Var óspin á Gestsstöðum athuguð og samið við ábúendur þar að selja upp girðingu um svæðið, sem óspin er í, en það er á tveim stöðum, ofan og neðan í hliðinni út og upp af bænum.

Síðast í október fór ég til Reykjavíkur á aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Var ég eini fulltrúinn, sem gat mætt fyrir Skógræktarfélag Austurlands, en 4 fulltrúar höfðu verið kostnir til að mæta á þessum fundi fyrir félagið héð. Annir hömluðu því, að hinir þrír gætu sótt fundinn.

Hafursá lögb undir skógræktina: Tilraunastöðin á Hafursá var flutt að Skriðuklaustri á þessu ári, og hætti starfsemi á Hafursá. Samkvæmt tilboðu skógræktarstjóra í jörðina f.h. Skógræktar ríkisins var hú afhent með bréfi 23 sept. sl. Þar með virðist tryggt, að jörð þessi verði vramvegis hagnýtt í þarfir skógræktarinnar, enda eru öll skilyrði til þess, meðal annars lega landsins, sem er

áframhæld af skóglendinu hér á Hallormsstað. Myndi land allt fyllast skógi neðan hálsbtúnar á Hafursá, ef beit lætti, og þarf engu þar til að kosta nema girðingar, svo að þar komi upp birki-skógur á fáum áratugum.

Land á Hafursá er mjög niðurnítt af ágangi búfjár, og beiti-land og allt utan hins verðlitlu engja, og sumt af landinu upp-etið, svo það er einskis virði sem stendur.

Hallormsstað 16. jan. 1950,
Guttormur Pálsson.